



Unnið af: Starra Heiðmarssyni, grasafraeðingi

Efni: Vistgerðir á deiliskipulagssvæði á Helgustöðum í Unadal.

Fyrir liggur tillaga að deiliskipulagi á landi Helgustaða í Unadal. Svæðið sem um ræðir er tæplega 5 hektarar að stærð og afmarkast af landamerkjum Helgustaða. Umrætt svæði liggur að Unadalsá og er þar þegar til staðar gamall sumarbústaður og ber landið þess merki að hafa verið nýtt sem sumarbústaðaland.

Þegar vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands er skoðað í vefsjá NÍ -

<https://vistgerdakort.ni.is/> virðast sex ólíkar vistgerðir vera til staðar á svæðinu, þ.e.

starungsmýravist, snarrótarvist, runnamýravist á láglandi, víðimóavist, víðikjarrvist og tún og akurlendi. Af ætluðum vistgerðum teljast starungsmýravist, runnamýravist á láglandi og víðikjarrvist hafa mjög hátt verndargildi auk þess sem snarrótarvist telst hafa hátt verndargildi skv. Fjölriti Náttúrufræðistofnunar Íslands nr. 54.

Það er hins vegar augljóst við nánari skoðun loftmynda af svæðinu (skoðað á map.is) að vistgerðakort NÍ er afar ónákvæmt. Út frá tiltækum gögnum tel ég afar ólíklegt að umræddar votlendisvistgerðir, þ.e. starungsmýravistin og runnamýravistin á láglandi, séu jafn útbreiddar og vistgerðakortið gefur til kynna. Það votlendi sem hugsanlega er til staðar er í nágrenni árbakkans.

Nokkur skógrækt hefur átt sér stað á svæðinu og ætti stór hluti svæðisins að flokkast sem slíkur í vistgerðakortlagningu. Það er hins vegar mitt mat að hvergi sé víðikjarrvist að finna á svæðinu.

Að framansögðu tel ég ljóst að ekki sé að finna vistgerðir á svæðinu sem teljast hafa mjög hátt verndargildi nema þá í afar takmörkuðum mæli undir brekkurótum þar sem óvíst er að breyting deiliskipulags hafi áhrif.

Sauðárkróki 6. desember 2023

Starri Heiðmarsson